

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 465/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Starra Hjartarsyni

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur. Leiðbeiningar. Sakar-
kostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 2. nóvember 1994. Krefst ákærði þess, að refsing verði ákveðin svo væg sem lög leyfa og að refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin.

Af hálfu ákærvalds var krafist þyngingar á refsingu ákærða. Endanlegar kröfur ákærvalds eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Hinn áfrýjaði dómur var birtur ákærða 21. september 1994, en hann tók sér þá frest til ákvörðunar um áfrýjun dómsins. Með orðsendingu til Héraðsdóms Norðurlands eystra 21. október sl. lýsti ákærði þeirri ákvörðun sinni að áfrýja dóminum til Hæstaréttar. Var þá liðinn sá fjögurra vikna frestur til áfrýjunar frá birtingu dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Það getur ekki breytt þeirri niðurstöðu, þótt ákærði kunni að hafa fengið rangar leiðbeiningar um lok áfrýjunarfrests, er héraðsdómur var birtur honum, svo sem verjandi hans hefur haldið fram í málflutningi fyrir Hæstarétti.

Þótt gögn málsins hafi borið með sér, að áðurgreindur annmarki staði í vegi fyrir áfrýjun dómsins til Hæstaréttar, var athygli ákærða ekki vakin á þessu, áður en áfrýjunarstefna var út gefin af hálfu ákærvalds og málgögn útbúin í hendur Hæstaréttar. Á því stigi naut ákærði ekki aðstoðar verjanda. Í ljósi þess þykir rétt að leggja

allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Halldórs Hall hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.
